



Alfred Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða og góðvinur Kjarvals um áratuga skeið.

innar um þennan stað — þetta hús — er gert ráð fyrir að eystri salurinn sé einkum ætlaður verkum Kjarvals.

Þegar húsið var tekið í notkun vorið 1973 var opnuð yfirlitssýning á verkum Kjarvals og var aflað mynda viðs vegar að — frá einstaklingum og stofnunum, en auk þess voru verk í eigu Reykjavíkurborgar á sýningunni. Þessi sýning var opin í nokkra mánuði. Æskilegt hefði verið að halda henni opinni lengur, en það var naumast forsvaranlegt vegna þeirra, er lánuðu myndir úr hífylum sínum og söfnum.

Seinast á sama ári var opnuð önnur Kjarvalssýning, en sú sýning var síðan tekin ofan vegna sýningar á þróun íslenskrar myndlistar í 1106 ár, sem líklega er merkilegasta sýningin, sem haldin hefur verið hér á Kjarvalsstöðum fyrr og síðar.

Nú, og í vefur var þessi sýning opnuð, er nú stendur.

Hún er því hin þriðja í röðinni.

Merkilegar gjafir frá fólki

Á sýningunni í fyrra, voru verk Reykjavíkurborgar eftir meistaran sýnd einvörðungu, en það er allmikið að vöxtum og sífellt bættist þar við. Á sýningu þeirri er nú stendur, eru nýjar myndir, sem borginni hafa verið gefnar, og má þar nefna að erfingjar Astu Hallsdóttur, tannsmíðs gáfu myndina „Hugarkvöl“ að ósk hinnar látnu.

Klara Guðmundsdóttir, Hátúni 10, gaf mynd af föður sínum Guðmundi Davíðssyni, auk nokkurra teikninga í tilefni af því að hundrað ár voru liðin frá fæðingu hans.

Matthildur Kjartansdóttir, ekkja Guðbrandar Magnússonar forstjóra gaf safninu tvö olíumálverk stuttu áður en hún lézt, en þau hjón sem voru miklir vinir Kjarvals, létu bæði á sama árinu, eða 1974.

Áðra myndina nefndi Kjarval „Astamál Grettis“, en hin myndin er af þeim hjónum, Matthildi og Guðbrandi, máluð þegar þau voru öll ung, Kjarvar og þau hjón.

Dóttir þeirra Guðbrandar og Matthildar, Hallfríður Guðbrandsdóttir Schneider gaf einnig tvær myndir, „Hveitibrauðsskipið“ sem er vatnslísta mynd og olíumálverk af Vífilfelli. Hallfríður hafði þekkt Kjarval frá því hún mundi eftir sér, enda var hann heimagangur á heimili foreldra hennar alla tíð.

Þá bárust og fleiri gjafir, sem ættu heima í minjasafni um Kjarval. Í ræðu, er borgarstjórnin í Reykjavík flutti við opnun sýningarinnar gerði hann grein fyrir þessum gjöfum opinberlega og þakkaði gefendum.

Þetta hafði Alfred Guðmundsson að segja um sýninguna er nú stendur yfir.

Það munu hafa verið þeir Einar Hákonarson, listmálari og Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari, sem komu sýningunni fyrir — hengdu hana upp — en alls eru sýndar 75 myndir.

Hefur myndaval og staðarval tekizt mun betur en oft áður, þeg-

ar myndir Kjarvals hafa verið sýndar. Tillit er tekið til þess hversu mikil fjarlægð er nauðsynleg, svo einstakar myndir fái notið sín til fulls.

Auðvitað verður mönnum starfsýnt á gjafirnar að þessu sinni. „Hveitibrauðsskipið“, „Astamál Grettis“ og „Yndilegt er úti vor“ (málverk af Matthildi og Guðbrandi Magnússyni) mynda sérkennilega heild. Þessar myndir eru fullar af kjarvalskri dul og ást. Sýningin í heild, gefur furðu góða innsýn í þennan meistara íslenskrar myndlistar á 20. öldinni.

„Þjóðsagan“ Kjarval

Mér kemur til hugar, að ef til vill kemur „Kjarval“ ekki allur til skila í málverkinu. Halldór Laxness segir einhversstaðar um Snorra Arinbjarnar, að hann segi allt sem segja þarf á málverkinu. Það gerir Kjarval ekki. Að visu segir hann ekki svo lítið af móttífinu, en hann hafði stóran farangur í lífinu, þótt ekki eignaðist hann hús til að sánka að sér muhlum og áhöldum. Þjóðsagnaperónan Kjarval þyrfti einnig að fá nokkurt rúm á minningarsýningu um hann. Auðvitað þekktu allir Kjarval. Samt er það nú einu sinni svo, að vaxin er upp kynslóð, sem ekki þekkir hann á sama hátt og við, sem munum eftir honum. Allt þetta unga fallega fólk, sem núna er að vaxa úr grasi. Flest af því þekkir ekki goðsögnina „meistara Kjarval“. Hann var skáld, stór-spaugari, rithöfundur, heimspekingur og barn. Hann var sjómaður, gátusmiður, höfðingi og stjórnmálamaður. Allt mögulegt. Þessari hlið málsins má ekki gleyma, og í raun og veru er það gagnslaust að halda uppi safni á málverkum hans, nema gerð sé einhver grein fyrir honum persónulega um leið. Þetta má gera með ljósritum af merkilegum kvæðum eftir Kjarval, blaðaumælum hans, blaðaumælum um hann, ljósmyndum og ýmsum smámunum. Þessum smámunum, sem þó hefðu ótrúlegt gildi, mætti koma fyrir á látlausan, aðgengilegan hátt, án þess að spilla fyrir kjarna málsins, sem auðvitað eru málverkin. Stutt ágrip af vináttusögu Kjarvals við þau Matthildi og Guðbrand Magnússon, myndi þannig styðja að viðtækari skilningi á þessari fögru mynd „Yndislegt er úti vor“.

Þessa er getið með hliðsjón af því sem síðar kann að verða sýnt.

Kinversk vináttusýning

— Að lokum spurðum við Alfred Guðmundsson um framtíðarverkefni myndlistarhússins. Hann hafði þetta að segja:

„Núna stendur yfir sýning á kinverskri grafik. Þetta er mikil sýning, — á annað hundrað verk. Þetta er farandsýning, sem hingað kom frá Tyrklandi og London. Þetta er alþýðulist, og Kinverjarnir líta á sýninguna sem vináttusýningu, þ.e. sýningu, sem eigi að undirstrika vináttu kin-

Jóhannes Sveinsson KJARVAL

SÝNING 1975

KJARVALSSTÖÐUM



versku þjóðarinnar við þá íslensku. Aðsókn hefur samt ekki verið næg, ekki miðað við það, að hér er um stóra og mjög fróðlega sýningu að ræða. Ef til vill hefur þó verið of hljótt um hana, en þeir auglýsa ekki. Aðgangur er ókeypis og sýningaskráin kostar aðeins 30 krónur.

Sýnt í banni

— Nú, af framtíðarverkefnum er það að segja, að Kjarvalsstaðir eru í svipinn í eins konar banni hjá mörgum listamönnum.

Þó eru áhugaverð verkefni framundan, og hafa eftirgreindir

listamenn í hyggju að sýna: Sveinn Björnsson, Gunnar I. Guðjónsson, Guðmundur Karl, Eyjólfur Eyfells, Steinþór M. Gunnarsson, Pétur Friðrik, Ragnar Páll og Halla Haraldsdóttir.

Í haust verður ljósmynda-klúbburinn LJÓS með sýningu og félagið Germania með sýningu um líkt leyti, (prentlistarsýning).

Toppurinn er svo næsta vor, þegar efnt verður til yfirlitssýningar á verkum Asgríms Jónssonar í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Jónas Guðmundsson.

Litazt um á Kjarvalsstöðum, rætt við forstöðumann, Alfred Guðmundsson um framtíðarverkefni og fl.

Yfirlitssýning á verkum Ásgríms Jónssonar á næsta ári



Tveir fuglar.